

Erindi frá skólaráði Grunnskólans á Hellu

Málsaðili : Grunnskólinn á Hellu
Tengiliður :
Dagsetning : 07.05.2019
Númer : 1905014
Flokkur : 04.38 Grunnskólinn Hellu

Efni :

Hér fyrir neðan gefur að líta ályktun frá skólaráði Grunnskólans á Hellu, sem berast þarf til sveitarstjórnar sem allra fyrst, en ályktunin var samþykkt á fundi ráðsins sem haldin var í gær.

Úr fundargerð:

Umræður um húsnæðismál skólans og þeirri brýnu þörf á viðbótarhúsnæði sem nýtast mun skólanum inn í framtíðina þar er meðal annars horft til aðstöðu mótuneytisins. Ákveðið að senda eftirfarandi ályktun til sveitarstjórnar Rangárpings ytra þar sem óskað verður eftir að það verði tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar fimmtudaginn 9. maí.

Skólaráð skorar á sveitarstjórn Rangárpings ytra að skipaður verði sem fyrst starfshópur sem fái það verkefni að meta húsnæðisþörf Grunnskólans á Hellu og móta tillögur til framtíðar um húsnæðisþörf og uppbyggingu skólans. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum foreldra, nemenda, starfsmanna skólans auk sveitarstjórnarmanna. Skólaráð óskar eftir formlegum fundi um málið með fulltrúum sveitarstjórnar sem fyrst.

Með kveðju

Sigurgeir Guðmundsson

skólastjóri

Grunnskólans á Hellu